

Stjórnarfundur GHG þriðjudagurinn 30. september 2014 kl. 20:00

Mættir voru: Auðunn, Össur, Páll, Ólafur og Sveinbjörn. Aðrir boðuðu forföll.

1. Starfslok framkvæmdastjóra. Kristni Daníelssyni var sagt upp 1. ágúst. Hann lauk störfum 15. september. Samkomulag liggur fyrir við Kristinn að koma að uppgjöri starfsársins, hann mun sinna því starfi í október og nóvember eftir þörfum. Stjórn GHG þakkar Kristni fyrir samstarfið og óskar honum velfarnaðar á nýjum starfsvetvangi.
2. Samningur við vallarstjóra. Auðunn kynnir nýjan ráðningarsamning við Hafstein Hafsteinsson vallarstjóra. Samningur gildir frá 1. október 2014, ráðningartími er ótímabundinn. Samningur er undirritaður af Hafsteini og formanni GHG. Samningurinn er staðfestur af stjórn.
3. Auðunn segir frá samskiptum við Gunnar Marel. Vísar í bókun síðasta fundar.
4. Endurnýjun samnings við Hveragerðisbæ. Fulltrúar stjórnar GHG hafa fest fund með bæjarstjórna og menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar þar sem vinna hefst við endurnýjun samstarfssamnings.
5. Frá nefndum:

Vallarnefnd (Össur) – Ari Eggertsson umhverfisstjóri hitti Össur og ræddi fegrun sunnan við 5. braut vallarins. Stjórn samþykkir og lýsir yfir ánægju með framtakið. Segir frá væntanlegum framkæmdum á 3. braut. Segir að vallarstarfsmenn hafi að ósk Vallarnefndar tekið saman yfirlit um vélakost GHG og ástand hans, með endurnýjun í huga.

Afreksnefnd (Auðunn) – Segir frá afrekum sveita GHG í sumar. Karlarnir sigruðu og fóru upp um deild, konurnar héldu sínu sæti. Eldri sveitir tóku einnig þátt og unglingasveitin náði sínum besta árangri frá upphafi.

Barna- og unglinganefnd (Páll) – Segir í stuttu máli frá starfinu í sumar. Einnig segir hann frá því að hann hyggist segja sig úr stjórn vegna anna og búferlaflutninga.

6. Félagsfundur er fyrirhugaður 12. október.

Fundi slitið kl. 21:59